



Yfirlýsing Deloitte um markmið í loftslagsmálum

30. júní 2016

# Yfirlýsing Deloitte um markmið í loftslagsmálum

Í nóvember 2015 undirritaði Deloitte ásamt öðrum 103 fyrirtækjum og stofnunum neðangreinda yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum. Verkefnið vakti athygli á alþjóðlegum vettvangi og var kynnt á Parísarráðstefnunni um loftslagsmál (COP21) í desember 2015.

## „Yfirlýsing um loftslagsmál

- *Við undirrituð ætlum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.*
- *Þjóðir heims standa nú frammi fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Sameinuðu þjóðirnar gegna forystuhlutverki í að greina vandann, takast á við hann og aðlagast breyttum aðstæðum.*
- *Borgir og bæir ásamt fyrirtækjum af öllum stærðum, verða sífellt mikilvægari þegar kemur að því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og standast þau markmið sem sett hafa verið um losun þeirra.*
- *Á Íslandi er helsta áskorunin mengandi samgöngur og losun úrgangs. Við ætlum að sýna samfélagslega ábyrgð í verki með því að:*

1. *Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda*

2. *Minnka myndun úrgangs*

3. *Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta.*

*Undirritað í Reykjavík 16. nóvember 2015“*

# Stefna Deloitte í samfélagsábyrgð

Loftslagsyfirlýsing Deloitte í nóvember 2015 er í samræmi við stefnu Deloitte í samfélagsábyrgð sem samþykkt var í nóvember 2015.

„Stefna Deloitte í samfélagsábyrgð:

*Það er stefna Deloitte ehf. í samfélagsábyrgð að stuðla að auknu trausti og ábyrgð í viðskiptalífinu og þar með að efla samkeppnishæfni Íslands á alþjóðavettvangi. Þetta gerum við með því að fylgja siðareglum og alþjóðlegum stöðum sem um störf okkar gilda og skila viðskiptavinum gæðavinnu ásamt því að efla menntun og hæfni sérfræðinga sem hjá okkur starfa.*

*Þessu munum ná fram með því að:*

- *Veita viðskiptavinum okkar gæðapjónustu á okkar sérfræðisviði*
- *Auka almenna vitund um samfélagsábyrgð*
- *Þjálfa og mennta starfsfólk okkar*
- *Stuðla að umhverfisvænum rekstri*
- *Leggja okkar framlag af mörkum til samfélagsins“*

# Loftslagsmarkmið Deloitte 2016

Í nóvember 2016 samþykkti Deloitte stefnu í samfélagsábyrgð. Hluti af þeirri stefnu varðar samfélagsábyrgð Deloitte á sviði umhverfisins.

„Umhverfi – Umhverfisvitund er efld með minnkun á sóun og mengun og unnið er gegn neikvæðum umhverfisáhrifum sem starfsemin veldur“.

Hluti af samfélagsábyrgð Deloitte á þessu sviði var að taka þátt í loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar í nóvember 2016.

Loftslagsmarkmið Deloitte 2016 eru á sviði **minnkunar úrgangs** og **minnkunar orkunotkunar**.



# Loftslagsmarkmið Deloitte 2016, frh.

## Minnkun úrgangs og dregið úr orkunotkun

- Deloitte hefur unnið að minnkun pappírnotkunar allt frá árinu 2008 þegar tekin var ákvörðun um að skanna inn öll skjöl sem hingað til höfðu verið geymd á pappír. Eyðing gagna vegna 2008 og síðar verður því ríflega 2 tonnum minna árlega en á árunum fyrir árið 2008.
- Árið 2015 steig Deloitte mikilvægt skref í minnkunar á pappírnotkun með því að taka upp „rent a prent“ fyrirkomulag á prenturum og að stilla prentun sjálfkrafa á að prenta báðum megin á blaðsíðuna. Við þetta spöruðust kaup á ljósritunarpappír um 50% árlega eftir árið 2015 miðað við árin á undan.

## Markmið 2016

- Það er markmið Deloitte að minnka óflokkaðan úrgang á mánuði um 20% að meðaltali frá árinu 2016 til ársins 2017 og viðhalda magni óflokkaðs úrgangs þannig út árið 2020.
- Það er markmið Deloitte að draga úr orkunotkun rafmagns og hita í samráði við leigusala Deloitte og setja fram mælanleg markmið fyrir árslok 2016.

# Mælanleg markmið Deloitte

1) Minnkun úrgangs	✓ Almenn flokkun úrgangs	<ul style="list-style-type: none"><li>• 1.október verður almenn flokkun úrgangs innleidd á einni hæð í höfuðstöðum Deloitte í Turninum til prófunar</li><li>• 1.nóvember hefst flokkun úrgangs á öllum hæðum í höfuðstöðum Deloitte í Turninum</li><li>• 1.desember hefst flokkun úrgangs hjá starfstöðvum Deloitte úti á landi.</li><li>• Markmið: minnkun úrgangs um 20% á ári milli 2016 og 2017</li></ul>
	✓ Minnka pappírnotkun enn frekar	
	✓ Lágmarka sóun og minnka sorp sem fer í urðun	
	✓ Draga úr myndun plastúrgangs (plastglös, plastpokar o.s.frv.)	
	✓ Nota umhverfisvænar hreinlætisvörur	
2) Draga úr orkunotkun	✓ Draga úr notkun á heitu vatni	Greina raforku- og hitanotkun á vinnustaðnum og setja markmið fyrir árslok 2016 í samráði við leigusala um að draga úr henni.
	✓ Draga úr rafmagnsnotkun	